

Jón Karl Helgason

### Herbergið mitt

Mynd af Vilhjálmi frá Skáholti og Kristi

Árið 1931 gefur Vilhjálmur Guðmundsson út sína fyrstu ljóðabók. Hann er 23 ára gamall Reykvíkingur og kallar bókina *Næturljóð*. Í henni má greina skýrt en ögn síðbúið bergmál nýrómantíkurinnar þegar skáldin gerðu sér dælt við þjáninguna; börmuðu sér yfir eigin lánleysi og sviknum ást-um. Vilhjálmur fer líka að dæmi Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi og Stefáns frá Hvítadal með því að kenna sig við fæðingarstað sinn, húsið Skáholt sem er við Drafnarstíg í Reykjavík.

Í *Næturljóðum* er skáldið sjálft og mótsagnakennt tilfinningalíf þess í brennidepli. Til marks um þessar mótsagnir má hafa stökurnar *Við himnahliðið* og *Ó, gef þú mér kraft*. Í þeirri fyrrnefndu kveðst Vilhjálmur heldur vilja fara frískur í neðri heima en lifa „við andlaust ískur himnaríkis“, í þeirri síðarnefndu biður hann veikburða um styrk til að sleppa frá „hvæsandi helvítis barmi“. Annars eru trúarlegar vísanir fátíðar í *Næturljóðum*. Skáldinu er tamast að ávarpa Huldu og fleiri músur sem kynda lostans eld í sálu hans.

Fjórum árum síðar sendir Vilhjálmur frá sér aðra ljóðabók sína, *Vort daglega brauð*. Þó að þar megi enn finna eldheit,

Þunglyndisleg ástarkvæði er grunntónn bókarinnar annar en í *Næturljóðum*. Eins og titillinn ber með sér eru báð kjör verkalýðsins á þessum kreppuárum skáldinu efst í huga. Í fyrsta ljóðinu segist Vilhjálmur búa sig fagnandi til stríðs til frelsis hins fjötraða manns: „Sverð mitt er söngur til hans, ég er sonur hins vinnandi lýðs“. Í sama streng er tekið í ljóðunum Sonur hins vinnandi lýðs, Hannes á Eyri og Raddir en það síðastnefnda hefst á vísuorðunum: „Heyr óminn frá þúsund þjáðra radda, / þeirra sem hungrið kvelur. / Þær hrópa í angist á brauð, á brauð, / sem böðullinn frá þeim stelur.“ Líkt og Helgi Sæmundsson hefur bent á má hér greina áhrif skálda eins og Sigurðar Einarssonar og Jóhannesar frá Kötlum; kapítalískum kúgunaröflum er „sagt stríð á hendur, en alþýða Íslands hvött lögeggjan að rísa gegn fátækt, ranglæti, kreppu og atvinnuleysi“.

Annað áberandi viðfangsefni bókarinnar er borgin sem sést úr annarri og jarðneskari átt en í rómuðum Reykjavíkurljóðum Tómasar Guðmundssonar frá svipuðum tíma. Þekktast þessara ljóða Vilhjálms er Reykjavík („Ó, borg mín, borg ...“) en einnig má minna á ljóð eins og Jólánótt í borginni við hafið. Í upphafi þess er dregin upp fögur mynd af nóttinni helgu þegar borgin er vafin friði en þegar á nóttina líður opnast augu skáldsins fyrir öngstræti sem er „fyllt alls konar rusli og skít“. „Og hér grúfir myrkið milli húsa, / sem mjög eru hrörleg að sjá. / Og tötralegt fólk sé ég fótstárt ganga / um forina til og frá.“

Það sem þó sætir mestum tíðindum í *Voru daglega brauði* er einkennilega tvíræð afstaða Vilhjálms til lífsins, skáldskaparins og eilífðarmálanna, sem birtist í stefnumóti þess háleita og hins hversdagslega. Ljóðið Herbergið mitt er af þessu tagi en það hefst svo:

*Herbergið mitt er hljóðlát eins og kirkja,  
sem húkir um nóttu, prestslaus upp til dala.  
Hér mundi hverjum sælt að sitja og yrkja  
satírísk ljóð um hænur, sem að gala.*

*Beint fyrir utan litla, lága gluggann  
ljósmáluð þökin húmblæjurnar dekkja.  
Herbergið mitt er hafið inn í skuggann  
af hönd, sem hvorki ég né aðrir þekkja.*

Lokaerindið er í sama anda en þar segist skáldið hafa „lifað lífi þess, sem skilur / lágfætta kind á beit í slæmum haga“. Því hefur verið haldið fram að Vilhjálmur yrki þetta ljóð um tiltekið herbergi í risinu á æskuheimili sínu Skáholti. Síðustu orðin benda allt eins til að herbergið sé huglæg vistarvera, samastaður skáldsins og skjólstæðinga þess í tilverunni: „Herbergið mitt er hluti af mér og Kristi, / hjarta, er slær í takt við allt, sem grætur.“

Herbergið mitt er einstakt ljóð, ein af perlum íslenskrar ljóðlistar. Þar vega salt ljóðrænar myndir af regni sem strýkur gluggann og ískrandi kímni eins og þegar kóngurinn er kallaður „Danmarks lengsti sonur“. Það er hins vegar óljóst í hvorn flokkinn beri að setja orð Vilhjálms um sjálfan sig og Krist í ljóðinu:

*Undir súðinni að norðan hangir ljótur listi.  
Léttfættar rottur tifa á bak við þilið.  
Á borðinu stendur mynd af mér og Kristi,  
mönnunum, sem enginn hefur skilið.*

Í inngangi að ljóðasafni Vilhjálms segir Helgi Sæmundsson að hér sé á ferðinni æði bíræfin hugmynd sem stingi í stúf

við þann heiðindóm lífsnautnar og syndar sem einkenni mörg önnur ljóð bókarinnar. Sumir myndu vafalítið kalla þetta guðlast, aðrir snert af mikilmennskubriðlæði. Helgi telur hins vegar líklegast að Vilhjálmur hafi fundið til skyldleika við Krist af því að báðir hafi verið misskildir og ofsóttir.

Trúarleg viðhorf Vilhjálms koma fram í fleiri ljóðum bókarinnar. Meðal þeirra er ljóðið Í heimsókn þar sem skáldið bankar upp á hjá holdmiklum þjóni kirkjunnar og spyr hann um hinstu rök tilverunnar. Klerkurinn staðhæfir að sá sem fari eftir boðorðunum hljóti sæti við hlið guðs í sölum paradísar. „En sértu vondur, viljirðu ekki trúa / á vísan guð og kirkju þessa lands, / þá færð þú ekki í fögrum heimi að búa, / þá ferðu, vinur, beint til andskotans.“ Þó að þetta séu lokaorð ljóðsins fer fjarri að skáldið skrifi undir þau. Í raun er *Vort daglega brauð* svar við slíkum málf lutningi. Krafa Vilhjálms á hendur almættinu felst í þeirri setningu Faðir vorsins sem vísað er til í titlinum: „Gef oss í dag vort daglega brauð.“ Sem verkalyðsskáld beinir Vilhjálmur ekki aðeins spjótum sínum að arðráni auðvaldsins heldur einnig að skaparanum sjálfum sem lætur óréttlætið viðgangast. Hér má nefna ljóðið Öreigi þar sem ljóðmælandinn spyr guð sinn hvort það sé hans ráðstöfun „að rekinn ég er / eins og rakki húsdýrum frá“. Lokaspurning ljóðsins kallast á við orð Krists á krossinum, „Drottinn, hví hefur þú yfirgefið mig?“: „Hvað hefi ég, guð minn, gert svo vont / að geislarnir nái ekki mér?“

Raunar er píslarsaga Krists nálæg í mörgum ljóðum bókarinnar, ekki aðeins sem beint viðfangsefni heldur einnig sem efniviður í myndmál og líkingar. Í Drottning dimmra verka lýsir Vilhjálmur stúlku sem læðist um, stelur ljósi og hjörtum mannanna og „elskar allt það sem er bannað“.

Þegar hann lendir sjálfur í klóm hennar líkir hann sér við Krist á valdi lýðsins: „Þú mig þyrnum krýndir, þrældómsfjötrum vafðir“. Sambærileg líking er í ljóðinu Þakkir þar sem skáldið segist ekki aðeins vera eldurinn í blóði hinna snauðu og dökk vofa veruleikans heldur einnig barnsleg Kristgerving: „Ég er barnið, / sem var kysst kossi lyginnar / sem var krossfest / í sakleysi vona sinna.“ Í ljóðinu Á flóttu biður ljóðmælandi dauðann um að sækja sig heim og veita sér langþráða hvíld. Þeirri ósk fylgir sjálfsmynd sem minnir á líkama Krists á krossinum: „Dauði, sæktu mig heim: Sjá hve þrotlaust þyrnar mig stinga / af þúsundum rósa, sem eiga sér himneskt nafn. / Lít sár mín, lít sár mín, sem helaum sig hringa / um hönd mér og fót.“ Eftirminnilegasta ljóðið af þessu tagi er Kvæðið um vonina mína þar sem skáldið stendur sem fyrr í sporum Krists sjálfs, í þetta sinn í graphýsinu. Eina von hans er kona eða jafnvel stúlkubarn, hliðstæða Maríu Magdalenu, sem kveður hann eina tunglþjarta nótt, „eins og þú kvaddir hann forðum, / manninn frá Nasaret“.

Flest ljóðin úr *Voru daglega brauði* sem hér hafa verið nefnd staðfesta að trúmál, ekki síst pína og dauði frelsarans, voru Vilhjálmi hugleikin í byrjun fjórða áratugarins. Sama er uppi á teningnum þegar næsta ljóðabók hans, *Sól og menn*, kemur út árið 1948. Bókin geymir margar tilvísanir til píslarsögunnar, þar á meðal er eitt ljóð sem ort er fyrir munn Pontúsar Pílatúsar um dóm hans yfir Kristi. Við sjáum í huga rómverska landstjórans; hann er maður sem missir kjarkinn þegar mest liggur við og nagar sig í handarbökin alla tíð síðan: „Þeir fóru með hann bundinn í þeim böndum / sem binda mig við skuggann ævilangt.“

Annað ljóð í bókinni heitir María mey. Ljóðmælandi er rómverskur hermaður sem rís upp úr dimmri gróf sinni og

rifjar upp kynni sín og Maríu meyjar áður en hún var föstnuð Jósepi. Þó að efnið sé sett í þennan sögulega búning er ljóðið skylt ýmsum öðrum ástarljóðum Vilhjálms. Hermaðurinn tregar horfna ást og unaðsstundir.

Hér má einnig nefna ljóðið Bæn þar sem skáldið ávarpar Drottinn og biður hann að blessa samband sitt við Fjólu Jónsdóttur. Það er kannski til marks um breytt viðhorf Vilhjálms að í lokalinunum virðist hann finna til skyldleika við Barrabas fremur en Krist sjálfan: „Bæn mín er helguð blóði manns, sem dó, / bjargi það mér sem ræningjanum forðum.“

Þess ber þó að gæta að Vilhjálmur var skáld mikilla sveiflna; í einni andrá er hann konungur og byltingarforingi, í þeirri næstu situr hann niðurbrotinn í myrku strætínu. Sjálfur skilgreinir hann trúarlega afstöðu sína með óvenju skýrum hætti í Ljóði ortu utangarðs, en þar segir: „Ég er ei sá, sem hjartað í bænaraudmýkt beygir / og blessar þetta frelsi, sem gerir hjórtun veik. – / Mín trú er bundin hug þess, sem heiðríkjuna eygir / og hamingjuna teygir af lífsins einfaldleik.“

Þegar á heildina er litið ber skáldskapur Vilhjálms frá Skáhholti í senn vott um ákafa trúarþörf og ríkan efa. Í fjórðu og síðustu ljóðabók hans, *Blóð og vín* sem kemur út árið 1957, rekumst við á ljóðið Hugleiðingar um lífið þar sem skáldið skiptir mönnunum í þrjá hópa eftir trúarlegri afstöðu: (1) þá sem hafa „himin sinn og ljós / í hjarta sér“, (2) þá sem gera sér von „um annað líf með safaríka haga“, og loks (3) þá „sem vita ei hvað er hvað, / hvort himnaríki sé þá *nokkurs staðar*“. Vilhjálmur tilheyrði sjálfur vafalítið síðastnefnda hópnum. Annars staðar í bókinni er ljóðið Í leit að drottni þar sem skáldið kveðst hafa leitað um lönd og

álfur „að ljósi því, sem blindar menn“, án árangurs. „Þó leita ég, já, leita enn / að ljósi því, sem blindar menn.“

Hvað samband Vilhjálms og Krists áhrærir bendir höfundarverk skáldsins til þess að það hafi fundið ólíkt meiri samhljóm milli sinna eigin hugsjóna og kristilegs kærleiksboðskapar en þeirrar svart-hvítu lýsingar á himnaríki og helvíti sem feiti klerkurinn í ljóðinu Í heimsókn ber fram. Í sumum tilvikum er Kristur sá milligöngumaður manns og Guðs sem hinn breyski ljóðmælandi Vilhjálms þarf á að halda. Ef Guð er fjarlægur, kaldlyndur faðir á himnum, þá er Jesús bróðirinn besti. Ljóðið Jesús Kristur og ég í *Voru daglega brauði* er skorinort að þessu leyti en lokaerindi þess kallast á við einstakar línur í Herberginu mínu:

[...]

Það skyldi engan undra, sem að þekkir  
eitthvert brot af þessum lífsins rann,  
ó, Jesús minn, þótt ég og þú sért firtur  
og jafnvel hún, sem eitt sinn fæddi þig,  
því almennt varstu ekki að góðu virtur,  
og ennþá síður virðir folkið mig.

Og um það mál við aldrei megum kvarta,  
því uppi á himnum slíkt er kallað suð,  
en ósköp skrítið er að eiga hjarta,  
sem ekki fær að tala við sinn Guð.  
Hver síðastur þú sagðir að yrði fyrstur,  
en svona varð nú endirinn með þig.  
Og úr því að þeir krossfestu þig, Kristur,  
hvað gera þeir við ræfil eins og mig?

# Skáld um skáld

Ritstjórar:  
Eiríkur Guðmundsson  
og Jón Kalman Stefánsson

*J. Kalman*

Félag íslenskra bókaútgefenda  
Reykjavík 2003